

Nd. 81. Frumvarp til laga

um skrifstofufé sýslumanna.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Árin 1936—1938, að báðum meðtöldum, greiðir rikissjóður sýslumönnum árlega skrifstofufé sem hér segir:

| | |
|--|---------------------|
| 1. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði | kr. 11 500,00 |
| 2. Í Mýra- og Borgarfjarðar, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu — | 7 000,00 |
| 3. Í Dala-, Stranda-, A.-Barðastrandar- og V.-Húnavatnssýslu — | 5 500,00 |
| 4. Í Ísafjarðarsýslu, á Ísafirði og í V.-Barðastrandarsýslu | 14 000,00 |
| 5. Í A.-Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu | 5 500,00 |
| 6. Á Siglufirði, Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu | 17 500,00 |
| 7. Í Þingeyjarsýslu | 5 500,00 |
| 8. Í N.-Múlasýslu með Seyðisfirði | 5 550,00 |
| 9. Í S.-Múlasýslu með Neskaupstað og A.-Skaftafellsýslu | 7 000,00 |
| 10. Í V.-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslu | 8 500,00 |
| 11. Í Vestmannaeyjum | 10 200,00 |
| | <hr/> Kr. 97 700,00 |

2. gr.

Skrifstofufé þetta skal háð ákvæðum launalaga um breytingar til hækkunar eða lækkunar á launum starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Skrifstofuféð greiðist með $\frac{1}{12}$ mánaðarlega.

4. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnóðum og ný skipun lögsagnarumdæma gengur í gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 86 19. júní 1933, um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.